



Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfi  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráði frá 6. og 13. mars 2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **Safamýri - Álftamýri - breyting á deiliskipulagi - Safamýri 58-60**

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráði frá 6. mars 2024. Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Safamýrar – Álftamýrar. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind er ný lóð með staðfanginu Safamýri 58-60 fyrir fjölbýlishús með allt að 40 íbúðum, samkvæmt uppdráttum Grímu arkitekta og A2F arkitekta, dags. 13. nóvember 2023. Einnig er lagt fram minnisblað, dags. 31. ágúst 2023, um aðkomu slökkviliðs, tvö minnisblöð Myrru hljóðstofu, dags. 27. september 2023, um hljóðvist og athugun Brokkr studio, ódags. á ytri áhrifum. Tillagan var auglýst frá 14. desember 2023 til og með 31. janúar 2024. Eftirtaldir sendur athugasemdir/umsögn: Húsfélagið Háaleitisbraut 58-60, dags. 25. janúar 2024, íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 31. janúar 2024 og Veitur, dags. 19. janúar 2024. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. febrúar 2024.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Málið fór aftur fyrir fund umhverfis- og skipulagsráði 13. mars 2024 þar sem bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. mars 2024 var leiðrétt. Rétt bókun er: Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssvið  
Þuríður María Guðmundsdóttir

Borgarráð samþykkti afgreiðslu ráðsins á fundi 14. mars 2024.

Umsögn skipulagsfulltrúa má finna á eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2023/1012>

**Athygli er vakin á því að telji einhver á rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.**